



E 4/2020

Fyrirspyrjandi Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin
Til ríkisstjórna Norðurlanda

Til ríkisstjórna Norðurlanda

Skrifleg fyrirspurn um reglur varðandi hleðslu rafdrifinna farartækja um borð í ferjum

Í tengslum við fund með fulltrúa fyrirtækisins ForSea sem rekur nýja rafferju í siglingum á milli Helsingborgar og Helsingør fékk norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin upplýsingar um að lög skorti um marga þætti er tengjast slíkum siglingum og aðstöðu um borð.

Nefndin vill því spyrja ríkisstjórnir norrænu landana um tvennt í þessu sambandi:

- Hvaða reglur eiga við um hleðslu rafdrifinna ökutækja um borð í ferjum í dag?
- Þar sem gera má ráð fyrir að hömlur sem kunna að vera á möguleikanum á hleðslu ökutækja um borð í ferjum á siglingu tengist hættu á sprengingu/eldsvoða um borð vill nefndin vita hvaða augum löndin líta þessa hættu, sem og hvernig þjóðhagsleg kostnaðar- og ábatagreining lítur út hvað þessari hættu viðvíkur með tilliti til ávinningsins af því að geta hlaðið rafdrifin ökutæki um borð meðan á ferð stendur.

Kaupmannahöfn, 15. apríl 2020

Arman Teimouri (L)
Freddy André Øvstegård (SV)
Helge André Njåstad (FrP)
Lorena Delgado Varas (V)
Lulu Ranne (saf)
Mikael Staffas (Lib)

Nils Aage Jegstad (H)
Pyry Niemi (S)
Ruth Mari Grung (A)
Solveig Sundbø Abrahamsen (H)
Stein Erik Lauvås (A)